



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	29. desember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Föstudaginn 22. Desember gaf veðurstofan út nýtt hættumat fyrir svæðið í kringum Grindavík og Svatsengi.

Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

Uppfært 29. desember kl. 14:30

Land heldur áfram að rísa við Svatsengi. Við GPS stöðina í Svatsengi (SENG) hefur land nú náð sambærilegri hæð og mældist rétt fyrir eldgosið 18. desember. Hraði landrissins síðan 18. desember hefur haldist nokkuð stöðugur sem er frábrugðið stöðunni fyrir síðasta gos, en þá hægðist á landrasi vikurnar fyrir gosið. Erfitt er þó að fullyrða um að landris hægi á sér í aðdraganda næsta goss, en það hefur þó verið tilfellið í gosum sem hafa orðið á Reykjaneskaga síðustu ár og var einnig notað til viðmiðunar í Kröflueldum. Óvissa er hins vegar um hversu mikill kvikuþrýstingur þarf að byggjast upp áður en kvika fer að leita upp á yfirborðið.

Landrisinu nú fylgir ekki eins mikil skjálftavirkni og áður. Ástæða þess er að í atburðunum 10. nóvember og 18. desember losnaði um mikla spennu á svæðinu þegar kvika braut sér leið í jarðskorpunni. Í aðdraganda síðasta goss urðu allnokkrir skjálftar yfir 3 og einn yfir 4 að stærð. Samfara áframhaldandi landrasi er líklegt að skjálftavirkni aukist aftur.

Á meðan að kvikusöfnun heldur áfram undir Svatsengi eru líkur á öðru kvikuhlaupi og að það leiði til eldgoss. Líkurnar aukast með hverjum deginum sem líður. Líklegast er að það gjósi aftur á Sundhnúksgígaröðinni, á milli Stóra-Skógfells og Hagafells. Mikilvægt er að rifja upp að kvikuhlaup enda ekki alltaf í eldgosi, eins og dæmi eru um í tengslum við virknina við Fagradalsfjall og eins í Kröflueldum.

Veðurstofan hefur gefið út uppfært hættumatskort byggt á samtúlkun gagna á samráðsfundi vísindafólks sem haldinn var nú í morgun. Mat á hættustigi innan svæðanna er óbreytt frá því síðast. Breyting hefur þó verið gerð á þeim hættum sem eru mögulegar innan svæðis 4, Grindavík. Þar hafa bæst við hættur vegna hugsanlegs hraunflæðis og gasmengunar. Ástæða breytinganna eru auknar líkur á eldgosi norðan Grindavíkur. Þær breytingar hafa þó ekki áhrif á heildarmat á hættustigi svæðisins. Þetta hættumatskort gildir til 5. janúar að öllu óbreyttu.

Það er mikilvægt að árétta að síðasta gos hófst með mjög skömmum fyrirvara. Veðurstofan heldur áfram að vakta svæðið gaumgæfilega allan sólarhringinn og er í beinu sambandi við almannavarnir um stöðu mála.



Upplýsingar frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Uppfært 29. desember

Lögreglustjóri gerir engar breytingar frá 27. desember.

Uppfært 27. desember kl 11:00

Landris heldur áfram við Svartsengi.

Hættumatskort Veðurstofu Íslands hefur gildistíma til kl. 18:00 þann 29. desember. Samkvæmt núgildandi hættumatskorti Veðurstofu Íslands er í Grindavík töluverð hættu á jarðskjálftum, sprungum og sprunguhreyfingum. Íbúum Grindavíkur er áfram heimilt að fara og dvelja heima hjá sér þar til breytingar á hættumatskorti gefa tilefnis til annars, sem gæti gerst með skömmum fyrirvara.

Sérstaklega er þó ítrekað að;

Eldgos getur hafist nágrenni Grindavíkur með stuttum fyrirvara.

Erfitt getur reynst að tryggja öryggi þeirra sem dvelja eða gista inni á hættusvæði. Þeir sem fara inn á merkt hættusvæði gera það á eigin ábyrgð.

Viðbragð björgunarsveita er áfram skert. Engin björgunarsveit verður í Grindavík.

Kallið eftir aðstoð með því að hringja í 112.

Hefjist gos í eða við Grindavík verða send út sms skilaboð á gsm síma inn á svæðinu með þessum texta: RÝMING RÝMING! Yfirgefið svæðið hratt og örugglega, hringið í 112 ef ykkur vantar aðstoð. RÝMING RÝMING EVACUATE! Leave the area quickly and safely, call 112 if you need help.

Lögregla sinnir eftirliti í og við Grindavík eins og verið hefur allan sólarhringinn.

Liðsmenn björgunarsveitarinnar í Grindavík eru dreifðir um landið og ekki til staðar í bænum.

Mögulegar flóttaleiðir: Nesvegur, Suðurstrandarvegur, Grindavíkurvegur.

Frá Ferðamálastofu

Uppfært 29. desember

Tekið skal fram að skýrsluritari gleymdi að minnst á aðkomu Áfangastaðinn Reykjanes að fjölmiðlasetri í síðustu stöðuskýrslu en tekið skal fram að þau hafa tekin fullan þátt í að koma upp fréttamannasetrinu.

Þó svo að fjölmiðlasetrinu hafi verið lokað þann 23. desember þá er allt tilbúið á staðnum komi til þess að opna þurfi aftur. Tekin verður ákvörðun um að loka endanlega eftir áramót.

Uppfært 27. desember

Þann 20. desember opnaði Ferðamálastofa ásamt Almannavörnum, Íslandsstofu og Safetravel fjölmiðlasetur fyrir erlenda fréttamenn, að Hringhelli 9a. Fjölmiðlasetrið var strax vel nýtt af fjölmörgum fjölmiðlateymum og var setrið í sambandi við um það bil 50 fjölmiðlateymi víðs vegar frá. Þann 23. desember var fjölmiðlasetrið svo fært yfir í vöktun á netfanginu press@itb.is. Það netfang verður vaktað áfram og munum við styðja við þær beiðnir sem koma þangað.



Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099

